

Starfshvatamæling

Hvati einstaklings eða hóps til að ná árangri í starfi getur verið stjórndum óljós. Mikilvægt er að reyna að átta sig á því hvað fær starfsfólk til að leggja sig fram til að ná markmiðum hópsins. Hjá Össuri mælum við starfshvata (Motivational Index) með því að nota 10 fullyrðingar úr vinnustaðagreiningu sem framkvæmd er annað hvert ár. Með þessu móti getum við metið hvort ákveðnir hópar upplifi starfsumhverfið meira hvetjandi en aðrir hópar og þannig er hægt að greina þá þætti sem eru öðrum til eftirbreytni og ennfremur er hægt að bregðast við þeim þáttum sem fá laka niðurstöðu. Þá er hægt að meta þróun starfshvata frá ári til árs í þeim tilgangi að geta snúið blaðinu við ef þróunin er á rangri leið.



Jón Kr. Gíslason

Eftirtalдар fullyrðingar eru notaðar til að mæla starfshvatann:

Ég er stolt(ur) af því að vinna hjá Össuri.

Mér finnst góður starfsandi í minni deild.

Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf nýlega.

Þekking mín og hæfileikar nýtast mjög vel í starfi mínu.

Ég er hvattur/hvött til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur.

Ég hafði tækifæri til að læra og þróast í starfi á sl. 12 mánuðum.

Yfirmaður minn hvetur mig til að þróast í starfi.

Yfirmaður minn hvetur mig til að gera sífellt betur.

Yfirmaður minn hrósar mér fyrir vel unnin störf.

Álit mitt skiptir máli í vinnunni.

Með mælingum á starfshvata erum við að leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórnendur fyrirtækisins sem og starfsmennirnir sjálfir geri sér grein fyrir því að með hvetjandi starfsumhverfi aukist líkurnar á að markmiðum sé náð.